

Re: Deiliskipulagsbreyting hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri

Búið til	7.11.2022 16:07:44
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	7.11.2022 16:07:42
Tilheyrir	202209-0026 - Deiliskipulagsbreyting hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri

Efni

Re: Deiliskipulagsbreyting hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	7.11.2022 16:07:42	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	jbh@verkis.is, sudavik@sudavik.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202209-0026 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Súðavíkurbreytingu, dags. 26. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagsbreytingu hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri í Álftafirði.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu um breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar á iðnaðarsvæði innan Langeyrar þann 20. desember 2021. Í þeirri umsögn kom fram að stærsta breytingin varðaði stækkun landfyllingar. Landfyllingin mun raska fjöruvistgerðum m.a. vistgerðinni klóþangsklungri sem hefur mjög hátt verndargildi ekki síst vegna mikilvægis hennar sem búsvæði fyrir fugla. Þá kom fram að talningar á fuglum við Langeyri hafa sýnt að fjaran er mikið notuð af andfuglum, einkum á flóði. Náttúrufræðistofnun lagði til að fuglalífð yrði sérstaklega skoðað í tengslum við aðalskipulagsbreytinguna.

Fram kemur í greinargerð með deiliskipulagstillögunni að Náttúrustofa Vestfjarða hafi unnið að frekari umhverfisrannsóknum í tengslum við framkvæmdir á landfyllingu. Það er jákvætt að svo var gert, en heppilegra hefði verið ef niðurstöður þeirra rannsókna myndu fylgja með deiliskipulagstillögunni. Stuttlega er vísað í þær í greinargerðinni, einkum töflu 4-4 þar sem segir m.a. að "Rannsóknir Náttúrustofu Vestfjarða sýna að landfyllingin muni valda óverulegum áhrifum á gróður, fuglalíf, fjöru og grunnsævi. Það er einkum

vegna þess að hið raskaða svæði er lítið að umfangi." Einnig kemur fram að talið sé neikvæð áhrif sem verða vegna röskunar á sjávarbotni verði að hluta til veginn upp af því að á landfyllingunni verði komið fyrir hráefnisþróum og hráefnislóni ásamt setþró sem eiga að hindra að mengað set berist til sjávar.

Jákvætt er að mati Náttúrufræðistofnunar að einhverjar mótvægisáðgerðir komi til sögu til að vega upp hið óneitanlega óafturkræfa rask sem verður á fjöruvistgerðum, botndýralífi og fæðuöflunarsvæðum fugla. Þar sem svæðið sem um ræðir er ekki mjög stórt er röskunin tiltölulega lítil og enn er töluvert af sambærilegum fjörusvæðum í Álftafirði og nágrenni sem tækifæri er til að vernda til framtíðar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsinguna var einnig vísað í eldri umsagnir um áformaða kalkþörungavinnslu í Ísafjarðardjúpi. Þær athugasemdir sem koma fram þar eiga enn við.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Jóhann Birkir Helgason" <jbh@verkis.is>

To: "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Anton Helgason" <anton@hevf.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "ov@ov.is" <ov@ov.is>; "simaverdir@vedur.is" <simaverdir@vedur.is>; "OS netfang" <os@os.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Helga Þuríður Magnúsdóttir" <helgathuridur@isafjordur.is>; "Sigurður Friðgeir Friðriksson - VG" <sigurdur.f.fridriksson@vegagerdin.is>; "vegagerdis@vegagerdin.is" <vegagerdis@vegagerdin.is>

CC:

Subject: Deiliskipulagsbreyting hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri

Date: 26.9.2022 15:57:52

Súðavíkurhreppur óskar umsagnar á deiliskipulagsbreytingu hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri.

Óskað er eftir að umsögn berist fyrir 10.nóvember nk.

Á netfangið jbh@verkis.is (<mailto:jbh@verkis.is>) eða sudavik@sudavik.is (<mailto:sudavik@sudavik.is>)

kveðja


Jóhann Birkir Helgason

 VerkisÚtibússtjóri / byggingartæknifræðingur | Branch Office Manager / Civil

ogo Engineer B.Sc.

+354 422 8934 | +354 898 3772 | jbh@verkis.is (<mailto:jbh@verkis.is>)

 lina

 Verki s90 Hafnarstræti 1 | 400 ÁfjÁ safjÁfÁrÁfÁur | +354 422 8000 |

www.verkis.is (<http://www.verkis.is/>) | Disclaimer

(<http://www.verkis.is/disclaimer>)